

## Minnisspjald

### Emtricitabine/Tenofovir disoproxil Krka sem fyrirbyggjandi meðferð til að draga úr hættu á HIV-1 sýkingu

Þú hefur fengið lyfseðil fyrir Emtricitabine/Tenofovir disoproxil Krka til fyrirbyggjandi meðferðar gegn HIV-sýkingu. Til að lyfið hafi tilætluð áhrif er mikilvægt að gleyma ekki eða sleppa skömmtum.

Taka skal eina töflu af Emtricitabine/Tenofovir disoproxil Krka á hverjum degi, á sama tíma dags, helst með mat. Mikilvægt er að mæta í allar áætlaðar heimsóknir til læknsins og skrá dagsetningu og tíma.

Það hjálpar að gera töku lyfsins að föstum lið í daglegum venjum, t.d. að taka það alltaf með hádegisverði, eða þegar tennur eru burstaðar eftir morgunverð. Það er mikilvægt að finna tímasetningu sem hentar þér.

Þér gæti fundist það hjálpa að nota dagatalið til að merkja við hvern dag. Byrja á fyrstu vikunni, haka við daginn sem þú byrjar að taka Emtricitabine/Tenofovir disoproxil Krka, haka síðan í viðkomandi reit fyrir hvern dag þegar þú tekur lyfið.

Eftir 30 daga (eitt glas af töflum) þarf að byrja á nýju dagatali.

Byrja hér →	Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
Vika 1							
Vika 2							
Vika 3							
Vika 4							
Vika 5							
Vika 6							

#### Ábending

Ef notað er dagatal í síma eða tölvu er hægt að bæta inn daglegri áminningu um töku Emtricitabine/Tenofovir disoproxil Krka.

#### Tímaskráning

Næsta læknisheimsókn er:

Læknir	Dagsetning	Tími	Staður